

Elkem Ísland ehf.  
Grundartanga  
301Akranes

Reykjavík, 8. desember 2021  
UST202102-353/H.E.  
08.07.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 20.5.2021, hjá Elkem Ísland hf.**

Þann 20.5.2021 fór fram eftirlit í kísiljárnverksmiðju Elkem Ísland á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Einni ábendingu var komið á framfæri í eftirlitinu og eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Grein 2.23 í starfsleyfi og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Í eftirliti kom fram að notast hefur verið við efni af tegundinni Hot Sic við endurfóðringu á töppunarholum en það inniheldur koltjörubik sem var sett á bannlista ECHA sbr. Annex XIV reglugerðar REACH í október sl.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 21.12.2021.**

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir  
Teymisstjóri

Sigríður Kristinsdóttir  
Teymisstjóri